

# **Sjálfsmatsskýrsla**

## **Brúarásskóla**


### **haustið 2025**

## Formáli

Í þessari skýrslu verður rýnt nokkuð nákvæmlega í niðurstöður Skólapúlssins fyrir skólaárið 2024-2025 í Brúarásskóla. Í lok skýrslunnar verða svo dregin fram nokkur atriði sem ætlunin er að beina umbótastarfi vetrarins að.


## Virgni nemenda í skólanum

Virgni nemenda er metin í nokkrum þáttum í Skólapúlssinum. Einn þeirra er ánægja nemenda af lestri. Sá þáttur er samkvæmt niðurstöðunum á uppleið eftir snarpa dýfu undanfarin ár. Í Brúarásskóla er lögð áhersla á byrjendalæsi í yngri bekkjum skólans og hver einasti skóladagur hefst á yndislestri í 25 mínútur. Sá tími er einnig nýttur þannig að reynt er að láta alla nemendur í 1.-8. bekk lesa upphátt fyrir kennara eða stuðningsfulltrúa. Í 9.-10. bekk hefur umsjónarkennari inn á milli lesið með og fyrir hópinn valda skáldsögu og rætt textann og innhaldið jafnóðum við nemendur. Við höfum trú á að þessi aðferð í bland við frjálslestur sé árangursrík. Þrátt fyrir að við myndum vilja sjá meiri áhuga og ánægju nemenda af lestri getur Brúarásskóli unað þökkalega við sitt þegar niðurstöður skólapúlssins eru bornar saman við landsmeðaltal eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.



Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6-10. bekk í október og aftur í apríl. Ánægjulegt er að sjá að ánægja af lestri mældist meiri í Brúarásskóla síðastliðið vor en haustið þar áður. Það er sannarlega í takt við það sem við erum að reyna að gera þ.e.a.s. að auka áhuga og ánægju af lestri nemenda.


1.1. Ánægja af lestri — Innan skólaárs\*



Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli mánaða í samanburði við þróunina í viðmiðunarrhópnum.


Í beinu framhaldi er rétt að skoða áhuga nemenda Brúarásskóla á stærðfræði. Það er ekki síður jákvætt að sjá jákvæðari útkomu þar en árið áður. Auðvitað er rétt að hafa í huga að í minni skólum eins og Brúarásskóla geta sveiflurnar í mælingum orðið býsna miklar einfaldlega vegna samsetningar nemendahópsins en það er engu að síður alltaf ánægjulegt að sjá hlutina þokast til betri vegar.

1.3. Áhugi á stærðfræði — Ársmeðaltöl




Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

Allnokkur munur er þó á milli kynja í Brúarásskóla þegar kemur að áhuga á stærðfræði. Stúlkur virðast talsvert áhugasamari en drengir og eru þar nokkuð yfir landsmeðaltali. Áhugi drengja á stærðfræði mælist vel undir landsmeðaltali og ljóst að þar er vandi á ferð sem við þurfum að takast á við.




Þessi mynd sýnir kynjamun meðal svarenda í skólanum, samanborið við kynjamun á meðal svarenda í viðmiðunarhópnum. Niðurstöður fyrir hvort kyn eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.

Þrautsegja í námi er þáttur sem mældur er í Skólapúlsinum og er eitthvað sem við í Brúarásskóla reynum að leggja áherslu á. Eins og aðrir skólar í Múlaþingi höfum við reynt að tileinka okkur áherslur Leiðsagnarnáms í skólastarfinu og þar er þrautsegja eitt af meginstefunum. Eins og í fleiri þáttum sem mældir voru í Skólapúlsinum síðastliðinn vetur er ánægjulegt að sjá jákvæðari útkomu en skólaárið þar á undan þó enn sé svigrúm fyrir bætingu.




Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

Ef rýnt er frekar í niðurstöðurnar sést fljótt að það eru nemendur í 6.-7. bekk sem koma áberandi best útúr þessum þætti og það má eflaust þakka þeim uppsveifluna milli ára.




Trú á eigin námsgetu er mikilvægur þáttur sem mældur er í Skólapúlsinum árlega og þar er ánægjulegt að sjá jákvæða þróun milli ára. Það er mjög margvíslegt til þess að þessi þáttur hafi afgerandi áhrif á hvernig nemendum reiðir af í námi í framtíðinni.




## Líðan og heilsa

Í Skólapúlsinum eru mældir margir þættir sem snerta líðan og heilsu. Þessir þættir verða seint ofmetnir í öllu skólastarfi. Andlegur, félagslegur og vitsmunalegur þroski nemenda vex og dafnar í réttu hlutfalli við líðan og heilsu.


Sjálfsálit er einn af þeim þáttum sem metinn er í Skólapúlsinum og þar eru niðurstöðurnar heldur betur upp á við. Þetta er að sjálfsögðu mjög jákvætt enda er sterk sjálfsmynd gulls ígildi.




Það er líka athyglisvert að hér mælist ekki munur á milli kynja eða aldurs.



Vellíðan er enn fremur á uppleið samkvæmt niðurstöðunum og það er þakkarvert. Ekki síst vegna þess að þetta er einn af nokkrum þáttum sem starfsfólk skólans hafði áhyggjur af eftir niðurstöður Skólapúlsins árið áður.




Einelti er eitthvað sem öll skólasamfélög berjast við að fyrirbyggja með öllum tiltækum ráðum. Þar er Brúarásskóli engin undantekning og við leggjum okkur fram um að berjast gegn því. Niðurstöður Skólapúlsins undanfarin ár þegar kemur að einelti hafa verið okkur starfsfólkinu mikið áhyggjuefni en jafnframt hvatning til að gera betur. Við reynum enn fremur markvisst að krydda skólastarfið með ýmsum hætti til að efla félagslega virkni og þroska nemenda. Við erum meðvituð um tækifæri og áskoranir sem fylgja því að vera fámennur skóli og leggjum talsvert uppúr því að eldri nemendur læri að sýna þeim yngri tillitssemi og hlýhug. Það er jákvætt að sjá loksins að niðurstöður Skólapúlsins eru jákvæðari fyrir síðasta skólaár þegar kemur að einelti en það þýðir þó ekki að baráttunni sé lokið því hún er endalaus.



Sá þáttur sem oftast hefur komið hvað best útúr Skólapúlsinum snýr að viðhorfi nemenda til skólamötuneytisins. Það er einkar ánægjulegt að sjá að engin breyting varð á því milli ára þrátt fyrir að skólinn tæki sjálfur við rekstri mötuneytisins af Foreldrafélagi Brúarásskóla í upphafi síðasta skólaárs. Auðvitað er rétt að geta þess að mjög litlar sýnilegar breytingar urðu á rekstri mötuneytisins en þó er rétt að geta þess að þó nokkuð var gert til að þoka skólamáltíðum í átt til frekari hollustu. En engu að síður má hér að neðan sjá að ánægjan með matinn í Skólamötuneyti Brúarásskóla er nálægt því að sprengja mælikvarða Skólapúlsins.


2.9. Oftast góður eða frekar góður matur — Ársmeðaltöl




Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

## Skóla- og bekkjarandi


Nokkrir þættir í Skólapúlsinum eru undir þessum lið. Þar ber fyrst að nefna samsömun við nemendahópinn. Sem betur fer má þar greina jákvæða þróun enda augljóst að þessi þáttur tengist að sjálfsögðu mörgum af þeim þáttum sem áður hafa verið kynntir í þessari skýrslu.




Þá er sömuleiðis afar ánægjulegt að sjá jákvæðar niðurstöður þegar kemur að sambandi nemenda við kennara. Þetta er reyndar þáttur sem við unnum mjög markvisst með á síðasta skólaári. Í upphafi skólaárs voru settir á stundatöflu nemendaviðtöl þar sem umsjónarkennarar boðuðu nemendur í einstaklingsviðtöl. Þar var þess freistað að dýpka persónulegt samband nemenda og kennara og viðtölin voru nýtt til að ræða allt frá námsmarkmiðum og erfiðleikum í námi til persónulegra vandamála eða áskorana nemenda. Það er von okkar starfsfólksins að þetta skili sér markvisst inn í skólastarfið en auðvitað er ekki hægt að fullyrða að þetta komi beinlínis fram í þessum tilteknu niðurstöðum. Engu að síður höfum við mikla trú á því almennt séð að ef okkur starfsfólkinu tekst að skapa sterkt trúnaðarsamband við nemanda eða nemendur sé það besta leiðin til þess að stuðla að góðu og gæfuríku skólastarfi.




Virkni í tímum kemur ágætlega út úr Skólapúlsinum. Nemendur meta hana meiri en á fyrra skólaári og aðeins yfir landsmeðaltali. Engu að síður er þetta þáttur sem við starfsfólkið reynum alltaf að vera vakandi fyrir enda er þetta sannarlega þáttur sem er mjög breytilegur milli nemenda.



Agí í tímum er annar þáttur sem sannarlega tengist beint virkni í tímum. Því miður meta nemendur að þessum þætti sé sannarlega ábótavant. Þægilegt og jákvætt námsumhverfi er sannarlega eitthvað sem við reynum að skapa í hverri skólastofu og í hverri kennslustund en það gengur vissulega misvel.




Spurningar sem lagðar er til grundvallar í Skólapúlsinum í mati á Leiðsagnarnámi í Brúarásskóla koma ágætlega út. Eins og áður kom fram í þessari skýrslu er Leiðsagnarnám áhersluþáttur í öllum grunnskólum Múlapings og jákvætt að sjá að þessi þáttur er að þokast upp hjá okkur eftir að hafa mælst leiðinlega lár undanfarin misseri.



## Aukaspurningar

Við höfum undanfarin ár fengið Skólapúlsinn til að spyrja sérstaklega út í viðhorf nemenda til Brúarinnar. Brúin er fyrir þá sem ekki þekkja til það heiti sem gefið var þeim þemaverkefnum sem eru rauður þráður í kennslufræðilegri nálgun Brúarásskóla. Í Brúaratímum eru námsgreinar samþættar í hverju þema fyrir sig þar sem tekið er fyrir ákveðið viðfangsefni í 2-4 vikur í senn. Það er samstaða í Brúarásskóla meðal kennara um það að við viljum standa vörð um þessa hugmyndafræði sem í grunninn snýst um það að auðveldara sé að auka áhuga nemenda á námi með því að leyfa sér að sökkva sér í viðfangsefnin óháð hvaða „merkimiða“ námsgreina við hengjum á verkefnin hverju sinni.

Markmiðið er alltaf að virkja og styrkja áhugahvöt nemenda en auðvitað tekst það misjafnlega vel eins og gengur. Það er hinsvegar afar jákvætt fyrir okkur að sjá í niðurstöðum Skólapúlsins að nemendur eru almennt jákvæðir gagnvart þessum samþættu þemaverkefnum sem við nefnum Brúna.



## Samantekt

Niðurstöður Skólapúlsins fyrir skólaárið 2024-2025 í Brúarásskóla eru á heildina litið afar jákvæðar. Það hefur alls ekki verið uppá teningnum undanfarin misseri og fjölmargir þættir sem við starfsfólkið höfum haft áhyggjur af en jafnframt þá í einhverjum tilfellum reynt að bæta úr með einhverjum ráðum. Stundum hefur virst við afar ramman reip að draga enda vita allir sem starfað hafa á þessum vettvangi að margt sem reynt er að mæla í Skólapúlsinum og hér hefur verið fjallað nokkuð um er mjög margslungið. Nægir þar að nefna sjálfsálit og líðan nemenda sem auðvitað hangir ekki bara á því sem skólinn ætlar sér og reynir

að gera. Sú kynslóð sem nú er í grunnskólum landsins er að glíma við flóknari og að mörgu leiti hættulegri veruleika að sumu leiti en allar fyrri kynslóðir. Netið og nú gervigreindin til viðbótar gerir börn og óharnaða unglinga að leiksoppum sínum og það er óljóst hvort og þá hver muni á einhvern hátt spyrna þar við fótum. Auðvitað eru fjölmörg tækifæri og ýmislegt jákvætt sem fylgja þessari ótrúlegu tæknibyltingu en fæst af því er sérstaklega til þess fallið að styrkja sjálfsmynd barna og unglinga ef út í það er farið. Í Brúarásskóla erum við stolt af því að vera símalaus skóli á þann hátt að við göngum eftir því í upphafi fyrstu kennslustundar dagsins að nemendur afhendi síma sína til varðveislu meðan að á skóladeginum stendur. Sem betur fer eru starfsfólk og nemendur sammála um að þetta hefur haft jákvæð áhrif á skólabraginn en þetta væri illframkvæmanlegt án fulls stuðnings foreldrasamfélagsins og við erum þakklát fyrir þann stuðning. Þó að við séum virkilega ánægð með niðurstöður Skólapúlsins fyrir síðasta skólaár þá vil ég fyrirbyggja þann hugsanlega misskilning að þetta sé sjálfshólsskýrsla. Við gerum okkur fulla grein fyrir því að við þurfum á hverjum degi að leggja okkur fram við að halda í horfinu því sem við erum sátta við í skólastarfinu og reyna með öllum ráðum að koma auga á það sem betur má fara og leita lausna til þess að gera betur þar. Við erum líka algjörlega meðvitið um að niðurstöður geta sveiflast eftir ýmsu í eins litlum nemendahóp og við höfum í Brúarásskóla. Það er hinsvegar rétt að taka það fram að nemendahópur okkar hefur undanfarin ár verið tvískiptur. Annars vegar eru það nemendur sem eru búsettir í skólahverfi Brúarásskóla og hinsvegar nemendur sem koma úr þéttbýlinu á Fljótsdalshéraði. Við erum afskaplega ánægð með að nemendur úr þéttbýlinu og foreldrar þeirra taki ákvörðun um að velja Brúarásskóla því það lífgar svo sannarlega uppá skólastarfið að fá um það bil helming nemenda okkar þaðan. Við erum stolt af því að langoftast hefur þessum nemendum gengið vel að aðlagast skólastarfinu í Brúarásskóla en margir þeirra hafa komið til okkar vegna einhvers vanda og þeim vanda hefur nánast alltaf fylgt einhver vanlíðan sem við höfum reynt að vinna á með öllum tiltækum ráðum. Það er aldrei einfalt mál og gengur auðvitað misvel en við reynum í öllum tilfellum að leggja okkur fram gagnvart hverjum nemanda fyrir sig.

## Jákvæður skólabragur

Öllum skólum á Íslandi ber að stefna að því að skapa jákvæðan skólabrag. Með því er átt við að reynt sé að skapa nemendum og starfsfólki aðstæður sem þeir geta blómstrað í. Þetta hljómar auðvitað einfalt en svo getur verið ýmislegt sem stendur í vegi fyrir því að þetta takist en þó má segja að mikilvægast sé að allir rói í sömu átt við að reyna að skapa þennan jákvæða skólabrag. Liður í umbótaráætlun Brúarásskóla er að skilgreina þann skólabrag sem Brúarásskóli hefur og vill halda. Síðastliðið vor tók allt starfsfólk skólans þátt í að setja í orð þann skólabrag sem einkennir Brúarásskóla og þann hluta hans sem við viljum efla og standa vörð um. Nú á haustdögum var svo haldinn fundur með 5.-8. bekk og 9.-10. bekk þar sem nemendum gafst kostur á að skilgreina það sem einkenndi skólabrag Brúarásskóla og það var ánægjulegt hvað starfsfólk og nemendur voru sammála um margt. Það kom síðan í hlut skólastjóra að koma öllum þessum punktum í samfelldan texta og hér að neðan má lesa hann.

### Jákvæður skólabragur í Brúarásskóla

Í Brúarásskóla reynum við öll að skapa skólabrag sem einkennist af jákvæðum samskiptum, væntumþykju, hómor, sköpunargleði, samvinnu og samstöðu. Við viljum nýta þau tækifæri sem fylgja því að vera lítill sveitaskóli og viljum skapa, rólegt, afslappað og heimilislegt andrúmsloft þar sem traust ríkir milli allra sem tilheyra skólasamfélaginu og svigrúm er til að hlúa betur að hverjum og einum nemanda. Við reynum eftir fremsta megni að tryggja að virðing einkenni öll samskipti milli starfsfólks, nemenda og foreldra. Við leggjum okkur fram við að halda merkjum umburðarlyndis og samkenndar á lofti og það kristallast í einkunnarorðum skólans sem eru „hver og einn er einstakur“. Skólinn leggur áherslu á sjálfstæð vinnubrögð og sköpun í „Brúarverkefnum“ þar sem nemendur hafa mikið um það að segja hvernig þeir vinna með viðfangsefni í hverri þemalotu. Við reynum einnig að nýta okkur þau tækifæri sem einstakt umhverfið og náttúran í Jökulsárhlíð veitir okkur til útíkennslu og útiveru og leikir og íþróttir eru stór partur af skólabrag Brúarásskóla enda er aðstaða til íþróttaiðkunar góð. Á skólalóðinni erum við með útileiktæki, sparkvöll og ærslabelg og inni höfum við stóran íþróttasal sem er nýttur á hverjum einasta skóladegi. List- og verkgreinum er gert hátt undir höfði í Brúarásskóla og við

eigum í farsælu samstarfi við Tónlistarskóla Norður Héraðs í því verkefni og því hefur tónlistarlíf í Brúarási lengi verið eitt af aðalsmerkjum skólastarfsins í Brúarási. Við viljum að skólastarfið í Brúarási sé skemmtilegt og við reynum að fást við námsefnið með það að leiðarljósi en við erum enn fremur með þónokkuð af viðburðum og uppbrotsdögum sem eru hluti af sterkum hefðum skólans og við stöndum vörð um.

### **Staða umbótastarfs í Brúarásskóla**

Hér að neðan má sjá nokkra umbótaþætti sem ætlunin er að leggja áherslu á þennan vetur. Við viljum áfram leggja áherslu á að innleiða vinnubrögð og hugarfar Leiðsagnarnáms og við teljum það ekki síst mikilvægt til þess að valdefla nemendur okkar. Við munum vinna áfram að því að bæta aga í kennslustundum og teljum okkur reyndar hafa náð þónokkrum árangri við það á upphafsvikum núverandi skólaárs. En þeirri vinnu verður að sjálfsögðu haldið áfram. Við ætlum að halda áfram að leita leiða til að betrumbæta vinnubrögð og virkni þegar kemur að framkvæmd Brúarverkefnanna í skólanum. Í fyrra rýndum við talsvert í skipulag Brúarverkefnanna og út úr þeirri rýni kom m.a. fram að kennarar voru sammála um það að í flestum tilfellum værum við ekki að taka nægilega mikinn tíma í hvert viðfangsefni. Þetta hefði í för með sér að yfirleitt væri lokaafurð verkefnavinnunnar ekki nógu góð og takmörkuð tækifæri gæfust í raun til að kafa í viðfangsefnin. Niðurstaðan var sú að ákveðið var að lengja þann tíma sem áætlaður er í hvert Brúarverkefni úr tveimur til þremur vikum í þrjár til fjórar vikur. Við munum áfram rýna í gæði Brúarverkefnanna í vetur því við erum meðvituð um að gæði þeirra segja mjög mikið til um gæði skólastarfs hér í Brúarási. Eins og aðrir grunnskólar í Múlaþingi munum við taka þátt í SÆG verkefninu í vetur sem miðar að því að bæta gæði kennslu í skólanum. Verkefnið hófst í fyrra vetur og þá einn tók kennari úr Brúarásskóla þátt í því. Skemmst er frá því að segja að þessi eini kennari sem er einn af þremur umsjónarkennurum hér í Brúarási og einn af leiðtogum kennarahópsins var mjög ánægður með þátttöku sína í verkefninu og áhugi kennarans hefur smitað út frá sér innan hópsins. Það er því jákvæð stemning fyrir því innan kennarahópsins að taka þátt í rýna í gæði kennslustunda í þeim tilgangi að bæta sína eigin kennsluhætti. Við bindum vonir við að þetta leiði af sér jákvæðar vangaveltur og þá vonandi jákvæðar breytingar í einhverjum tilfellum. Að lokum eru svo nokkur atriði á þessum

úrbótalista sem snúa að því að endurskoða skólanámskrá Brúarásskóla eins og flestir grunnskólar landsins eru að gera um þessar mundir.

## Umbótaþættir - Markmið

| Svið           | Umbótaþáttur                                                      | Deild   | Hefst      | Lokið      | Ábyrgð      | Markmið með umbótum                                                                     |
|----------------|-------------------------------------------------------------------|---------|------------|------------|-------------|-----------------------------------------------------------------------------------------|
| Nám og kennsla | Hvetja nemendur til að hafa trú á eigin getu vinnu-brögðum í námi | Skólinn | 27/10/2025 | 30/01/2026 | Kennarar    |                                                                                         |
|                | Agi í tímum                                                       | Skólinn | 01/09/2025 | 05/06/2026 | Kennarar    | Auka aga í tímum                                                                        |
|                | Endurskoðuð greinasvið                                            | Skólinn | 17/03/2025 | 24/08/2026 | Skólastjóri | Verið er að innleiða endurskoðuð greinasvið innan aðalnámskrár.                         |
|                | Taka áfram þátt í SÆG verkefninu.                                 | Skólinn | 03/11/2025 | 03/06/2026 | Skólastjóri | Greina myndbönd til að auka gæði kennslu                                                |
|                | Vinna áfram með Brúarverkefni.                                    | Skólinn | 24/08/2025 | 04/06/2026 | Kennarar    | Halda áfram að búa til ný Brúarverkefni. Útbúa fjölbreyttara námsmat í Brúarverkefnum.  |
| Stefna skólans | Búa til nýja skólanámskrá fyrir 8.-10. bekk                       | Skólinn | 30/03/2026 | 08/06/2026 | Skólastjóri | Útbúa skólanámskrá í takt við ákvæði um endurnýjuð greinarsvið í Aðalnámskrá grunnskóla |
|                | Búa til nýja skólanámskrá fyrir 1.-4. bekk.                       | Skólinn | 15/08/2025 | 05/01/2026 | Skólastjóri | Útbúa skólanámskrá í takt við ákvæði um endurnýjuð greinarsvið í Aðalnámskrá grunnskóla |

| Svið | Umbótaþáttur                                | Deild   | Hefst      | Lokið      | Ábyrgð      | Markmið með umbótum                                                                |
|------|---------------------------------------------|---------|------------|------------|-------------|------------------------------------------------------------------------------------|
|      | Búa til nýja skólanámskrá fyrir 5.-7. bekk. | Skólinn | 05/01/2026 | 29/03/2026 | Skólastjóri | Vinna skólanámskrá fyrir miðstig upp úr endurskoðuðum greinarsviðum í Aðalnámskrá. |